

11. apríl 1973.

213

Nr. 100.

REGLUGERÐ

um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli.

1. gr.

Umráðendum friðlýsts æðarvarps skal heimilt að nota tríbrómetanól til eyðingar svartbaki og hrafni í varplöndum æðarfugls á tímabilinu frá 15. apríl til 1. ágúst ár hvert, sbr. 5. grein.

Óheimilt skal að nota önnur efni til eyðingar þessum fuglum, sbr. þó bráða-birgðaákvæði 8. gr.

2. gr.

Tríbrómetanól skal látið í egg um gat, sem gera skal á hlið þess. Í hvert egg skal láta einn skammt (1,5 g) af efninu og skal því hrært saman við innihald eggisins.

Gæta ber ýrustru varúðar í meðferð tríbrómetanóls, því að það er hættulegt bæði mönnum og dýrum og ber að fylgja í einu og öllu þeim leiðbeiningum, sem fylgja skömmtunum, sbr. viðauka 1.

Stranglega er bannað að setja tríbrómetanól í annað en egg.

3. gr.

Eggjum, sem tríbrómetanól hefur verið sett í, skal komið fyrir í varplöndum æðarfugls eða í grennd við þau, þar sem svartbaks og hrafns er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Fugla, sem kunna að drepast af áti slíkra eggja, skal grafa eða urða tafarlaust þar sem þeir finnast.

Stranglega er bannað að koma fyrir eggjum, sem tríbrómetanól hefur verið sett í við fiskvinnslustöðvar, sorphauga og sláturhús og aðra slíka staði utan varplanda æðarfugls.

4. gr.

Staðir þeir, þar sem eggjum með tríbrómetanóli hefur verið komið fyrir, skulu auðkenndir (sbr. viðauka 1), svo að þeim, er um þá kunna að eiga leið, sé ljóst, að þar sé von slíkra eggja og fugla, er drepizt hafa af áti þeirra. Sérstaklega skal þess gætt, að börnum og fólki, sem hirðir æðarvarp, sé kunnugt um, hvar slíkum eggjum hefur verið komið fyrir.

5. gr.

Umráðendum æðarvarps (sbr. 1. gr.) er heimilt að afla tríbrómetanóls hjá Lyfjaverzlun ríkisins, ef þeir hafa til þess leyfi, sbr. 3. málsg. Skal Lyfjaverzlunin láta efnið úti í skömmtum, er innihalda 1,5 g og merktir eru á eftirfarandi hátt:

B 28

Tribrómetanól
1,5 g
til eyðingar á
svartbaki og hrafni

Lyfjaverzlun ríkisins skal afhenda skammta þessa í 50 stykkja pakkningum, sem eru tryggilega úr garði gerðar og vel luktar og merktar varnaðarmerki A-flokks og merkimiða A-flokks, sbr. reglugerð nr. 132/1971, að því undanskildu, að sleppt er úr merkimiðanum „Hættuflokkur A“. Er Lyfjaverzluninni heimilt að afhenda eða senda í pósti fyrrgreindar pakkningar til hlutaðeigenda, sbr. næstu málsgr.

Ef umráðamenn æðarvarps æskja að kaupa eða nota tribrómetanól, sbr. 1. málsgr., skulu þeir hafa til þess leyfisskírteini (sbr. viðauka 2 við reglugerð nr. 131/1971) og skal um veitingu þessara leyfa fara samkvæmt ákvæðum 1.—4. málsgr. 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar (sbr. viðauka 2 við þessa reglugerð).

Eiturefnanefnd ber skylda til þess að tilkynna Lyfjaverzlun ríkisins um heiti þeirra manna og heimili, er hún veitir meðmæli fyrir veitingu leyfisskírteina og skal þess jafnframt getið, hve langan tíma leyfisskírteini eigi að gilda.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 5 þúsund til 50 þúsund krónum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að því er varðar þá þætti, sem Lyfjaverzlun ríkisins og eiturefnanefnd eiga að annast.

Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að nota fenemal til eyðingar svartbaki og hrafni árið 1973, enda fari útlát þess og notkun í einu og öllu eftir ákvæðum þessarar reglugerðar. Skulu í hverjum skammti vera 2,0 g.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. apríl 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjöl.

Viðauki nr. 1.

Tribrómetanól er hættulegt efni, sem getur verið banvænt bæði mönnum og búfé. Verður því að gæta ýtrustu varúðar um meðferð þess. Forðast ber að snerta tribrómetanól með berum höndum og ávallt skulu menn þvo sér vel um hendur, ef hjá handfjötlu þess verður ekki komizt. Óvarlegt er að geyma tribrómetanól í heima-húsum lengur en nauðsyn krefur. Kaupið því ekki meira af efninu en notað er hverju sinni. Verði ekki komizt hjá því að geyma tribrómetanól um sinn á heimilum, skal það ávallt varðveitt í læstri hirzlu.

Tribrómetanól er notað með þeim hætti, að gat, um 2 cm að þvermáli eða svo, er brotið á hlið óungaðs eggs og egghimnan (skjallið) rofin. Lítið eitt af innihaldi eggsins er látið renna út um gatið og einum skammti (1,5 g) af tribrómetanóli bætt í eggíð í þess stað. Síðan er hrært í egginu með fjöðurstaf eða spýtu svo að efníð blandist sem bezt innihaldi þess. Umbúðum utan af efninu, svo og fjöðurstaf eða spýtu, skal brenna. Til þess að lyfið fjúki ekki þegar verið er að setja það í eggíð, er bezt að krjúpa og snúa baki í vind.

Egg með tribrómetanóli skulu lögð á þá staði í varplöndum æðarfugls eða í grennd við þau, þar sem búast má við að svartbakar og hrafnar verði þeirra helzt varir, og snúi rofna hliðin upp. Óvarlegt er að koma slíkum eggjum fyrir, þar sem skepnur geta átt leið um. Sérstaklega er hundum hætta búin. Tribrómetanóli skal ekki komið fyrir í eggíð fyrir en komið er á þann stað, þar sem eggíð á að vera.

Það hefur sýnt sig, að svartbakar og hrafnar ráðast engu síður á eggin, þótt götin á þeim séu opin og snúi upp. Heppilegast mun vera að hafa aðeins eitt egg á hverjum stað, því að svartbakar og hrafnar fælast þá staði, þar sem dauðir fuglar eru fyrir. Fugla, sem drepast af efninu, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt. Skulu þeir grafnir eða dysjaðir jafnóðum og þeir finnast. Staðir þeir, þar sem eggjunum er komið fyrir, skulu auðkenndir með krossi úr steinvölum eða stungnum í grasrót. Sérstaklega skal þess gætt, að börnum og fólki, sem hirðir varplönd, sé kunnugt um, hvar slíkra eggja er von.

Svartbakar og hrafnar, sem étið hafa egg með tribrómetanóli, sofna yfirleitt 10—15 mínútum síðar. Því má oft búast við, að fuglar þessir finnast ekki dauðir við eggin, þar eð þeim getur gefizt tími til að fljúga á brott, áður en áhrifa efnisins tekur að gæta. Einnig er af þeim sökum hyggilegt að hafa hæfilegt bil milli eggja, svo að sami fugl éti ekki úr fleiri en einu.

Viðauki nr. 2.

1.—4. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 131/1971, um útgáfu og afgreiðslu eiturheiðna og annarra tilsvarendi leyfa, hljóða svo:

„Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín, og má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnaneftndar, númerað skírteini (sjá viðauka 2), er veitir leyfi til slíkra kaupa. Skal hlutaðeigandi ávallt bera skírteinið á sér við störf sín. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega, og eru þeir ábyrgir, ef tjón hlýzt af notkun þeirra. Greina skal á leyfisskírteinum þau eiturefni (sbr. 1. málsgr. 3. gr.), sem leyfð eru kaup á.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnaneftnd til umsagnar. Eiturefnaneftnd leitar álits um umsækjendur hjá formanni hlutaðeigandi iðnaðarmannafélags á hverjum stað eða hjá öðrum dómberum mönnum eftir því, sem við á hverju sinni. Eiturefnaneftnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Eiturefnaneftnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald, að leyfi þessi verði numin úr gildi, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta geti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds til ráðherra.“